

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um hátækni- og nýsköpunargreinar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvert hefur verið árlegt hlutfall hátækni- og nýsköpunargreina af landsframleiðslu síðustu tíu ára?
2. Hver hefur árlegur vöxtur hátæknigreina verið á sama tíma?

Á síðasta ári kom út skýrslan *Hátækniíðnaður – þróun og staða á Íslandi / Staða og stefna á Norðurlöndum og Írlandi*. Skýrslan er afrakstur samvinnuverkefnis iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Samtaka iðnaðarins um upplýsingaöflun um stöðu þessara greina og er ætlað að skapa grundvöll fyrir frekari umfjöllun um þróun þeirra. Eftirfarandi svar er byggt á upplýsingum sem aflað var í tengslum við gerð skýrslunnar.

Byggt er á skilgreiningum OECD fyrir framleiðsluíðnað en þar eru hátæknigreinar skilgreindar sem atvinnugreinar sem leggja >4% af veltu sinni í rannsóknir og þróunarstarfsemi. Öll þessi fyrirtæki eru nýsköpunarfyrirtæki og miðast svarið því við hátæknigreinar eins og þær eru skilgreindar í framangreindri skýrslu. Nýsköpun er auðvitað einnig stunduð í atvinnugreinum sem ekki eru flokkaðar sem hátæknigreinar, t.d. greinum sem eiga rætur í þjónustu og viðskiptum, hönnun og menningu og hug- og félagsvísindum, svo nokkuð sé nefnt. Ekki er fjallað um þessar greinar í svari þessu.

1. Hlutfall hátæknigreina í landsframleiðslu.

Framlag einstakra atvinnugreina til landsframleiðslu er sú viðmiðun sem notuð er til að mæla vöxt og viðgang þeirra. Verðmætasköpunin, eða virðisaukinn, sem verður til í atvinnurekstri er munurinn á söluverði framleiðslunnar og kostnaði. Árið 2004 var landsframleiðslan um 850 milljarðar kr., sem er síðasta viðmiðunarár könnunarinnar. Uppruni verðmætasköpunar á Íslandi hefur breyst mikið og hefur iðnaður sótt á en landbúnaður, fiskveiðar og fiskvinnsla látið undan síga. Árið 2004 nam hlutur iðnaðarins tæplega fjórðungi af verðmætasköpuninni en hlutur sjávarútvegs var um 10%. Í töflu sem fylgir með svari þessu sést verðmætasköpun hátækniíðnaðar og fleri atvinnugreina árin 1998–2004, en verðmætasköpun í hátækniíðnaði sem hlutfall af landsframleiðslu er sýnd allt fram til ársins 1990. Framlag hátækniíðnaðar til landsframleiðslu hefur aukist frá um 0,2% árið 1990 í 3,9% eða um 33 milljarða kr. árið 2004. Framlag einstakra atvinnugreina innan hátækniíðnaðar til landsframleiðslunnar er mismunandi en þyngst vega síma- og fjarskiptaþjónusta, lyfjaframleiðsla, framleiðsla lækningatækja, framleiðsla tækja fyrir matvælaíðnað og hugbúnaðariðnaður.

Hlutfall verðmætasköpunar hátækniðnaðar árin 1995–2004:

| Ár | Verg landsframleiðsla, milljarðar kr. | Hlutfall hátækniðnaðar af landsframleiðslu |
|------|--|---|
| 1995 | 451 | 0,6% |
| 1996 | 484 | 0,7% |
| 1997 | 525 | 0,8% |
| 1998 | 577 | 0,9% |
| 1999 | 624 | 1,3% |
| 2000 | 669 | 2,1% |
| 2001 | 744 | 3,1% |
| 2002 | 779 | 3,4% |
| 2003 | 811 | 3,8% |
| 2004 | 852 | 3,9% |

2. Árlegur vöxtur hátæknigreina.

Í skýrslunni *Hátækniðnaður – þróun og staða á Íslandi* eru birtar upplýsingar um verðmæti hátæknivöru og -þjónustu frá og með árinu 1998 og er því miðað við það upphafsár í svari þessu.

Verðmæti hátæknigreina, 1998–2004.

| Ár | Verðmæti hátæknigreina, millj. kr. | Aukning frá fyrra ári, millj. kr. | Aukning frá fyrra ári, % |
|------|---------------------------------------|--------------------------------------|-----------------------------|
| 1998 | 5.193 | | |
| 1999 | 7.930 | 2.737 | 53% |
| 2000 | 13.923 | 5.993 | 76% |
| 2001 | 23.064 | 9.141 | 66% |
| 2002 | 26.486 | 3.422 | 15% |
| 2003 | 30.818 | 4.332 | 16% |
| 2004 | 33.210 | 2.392 | 8% |

Þessar upplýsingar má einnig finna í eftirfarandi töflu.

Verðmætasköpun hátekniiðnaðar árin 1990–2004.

| | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|--|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Hlutfall % | | | | | | | | | | | | | | | |
| <i>Hátekniivörur og -þjónusta</i> | | 0,30% | 0,40% | 0,45% | 0,50% | 0,55% | 0,70% | 0,80% | 0,90% | 1,30% | 2,10% | 3,10% | 3,40% | 3,80% | 3,90% |
| Hlutfall, % | 368 | 399 | 400 | 412 | 439 | 451 | 484 | 525 | 577 | 624 | 669 | 744 | 779 | 811 | 852 |
| Verg landsframleiðsla | | | | | | | | | | | | | | | |
| Verðmætasköpun hátekniiðnaðar | | | | | | | | 3,4 | | 7,9 | 13,9 | 23,1 | 26,5 | 30,8 | 33,2 |
| Verðmætasköpun hátekniiðnaðar sem hlutfall af landsframleiðslu | 0,20% | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,5% | 0,6% | 0,7% | 0,8% | 0,9% | 1,3% | 2,1% | 3,1% | 3,4% | 3,8% | 3,9% |
| Verðmæti í millj. kr. | | | | | | | | | | | | | | | |
| Sjávarafurðir | | | | | | | | | 67.711 | 65.270 | 64.974 | 90.768 | 91.143 | 78.667 | 82.600 |
| Stóriðja | | | | | | | | | 7.397 | 6.100 | 9.945 | 10.416 | 9.348 | 9.732 | 10.219 |
| <i>Hátekniivörur og -þjónusta</i> | | | | | | | | | 5.193 | 7.930 | 13.923 | 23.064 | 26.486 | 30.818 | 33.210 |
| Aðrar iðnaðarvörur | | | | | | | | | 47.227 | 49.410 | 51.714 | 61.752 | 55.309 | 83.533 | 86.858 |
| Aðrar vörur | | | | | | | | | 51.210 | 50.630 | 57.018 | 56.544 | 59.204 | 65.691 | 69.827 |
| Samgöngur | | | | | | | | | 45.520 | 45.750 | 51.714 | 58.776 | 64.657 | 65.691 | 68.976 |
| Ferðalög | | | | | | | | | 19.915 | 21.350 | 24.531 | 27.528 | 29.602 | 29.196 | 30.656 |
| Önnur þjónusta | | | | | | | | | 81.936 | 88.450 | 94.146 | 91.512 | 88.806 | 88.399 | 92.819 |
| Ávöxtun hlutfjár erlendis | | | | | | | | | 122.904 | 139.690 | 150.501 | 165.168 | 176.054 | 169.499 | 177.122 |
| Laun erlendis | | | | | | | | | 110.955 | 123.830 | 132.600 | 147.312 | 166.706 | 177.609 | 187.341 |
| Vaxtatekjur erlendis | | | | | | | | | 10.811 | 11.590 | 11.934 | 11.160 | 11.685 | 12.165 | 11.922 |
| Verg landsframleiðsla | 368.000 | 399.000 | 400.000 | 412.000 | 439.000 | 451.000 | 484.000 | 525.000 | 569.000 | 610.000 | 663.000 | 744.000 | 779.000 | 811.000 | 851.550 |